

BORGARRÁÐ 2.2.2017: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um styrk til Knattspyrnufélagsins Víkings vegna byggingu blaðamannastúku - R17020015

Lagt er til að borgarráð samþykki styrkveitingu til Knattspyrnufélagsins Víkings vegna byggingar blaðamannastúku við keppnisvöll félagsins. Styrkurinn nemi 2,1 milljón króna eða sömu upphæð og Reykjavíkurborg innheimtir í gatnagerðargjöld vegna byggingarinnar. Um er að ræða óupphitað mannvirki inni á miðju svæði félagsins og verður borgin ekki fyrir útgjöldum vegna þess.



Reykjavíkurborg
Íþróttar- og tómstundasvið

Málsnr: R/70200/15
Skjalasafn Ráðhúss
02. okt. 2017
Bréfalykill: D-101

Reykjavík, 28. september 2017
2017050006

Borgarráð

Ráðhúsinu
101 REYKJAVÍK

Vísað hefur verið til umsagnar ÍTR tillögu borgarráðsfulltrúa sjálfstæðismanna um styrk til Knattspyrnufélagsins Víkinga vegna byggingu blaðamannastúku og varamannaskýla. Málið hefur verið til umfjöllunar hjá SEA og ÍTR í tengslum við samninga við Knattspyrnufélagið Víking um önnur mál félagsins er varða framkvæmdir og viðhald eigna.

Knattspyrnufélagið Víkingur fékk 60.0 mkr. styrk samkvæmt samþykkt borgarráðs 15. júní sl. vegna endurbóta á húsnæði félagsins vegna lekaskemmda.

Í júní sl. gerðu ÍTR og Víkingur áætlun um ráðstöfun þeirrar fjárveitingar á grundvelli kostnaðaráætlunar verktaka á vegum félagsins.

Áætlunin fylgir sem fylgiskjal og þar kemur fram að hluti af fjárveitingunni fari til ráðstöfunar greiðslu vegna gatnagerðargjalds vegna blaðamannastúku og varamannaskýlis við keppnisvöll félagsins.


Ómar Einarsson.



Borgartúni 12-14
105 Reykjavík
Sími 411 5000

20. júní 2017

Til minnis vegna Víkings

Kostnaður úti	38.5
Kostnaður inni	10.0
Hönnun og umsjón	<u>7.5</u>
	56.0

Gatnagerðargjald	<u>2.1</u>
v/blaðamanna- og varamannask.	58.1

Ófyrirséð og eftirlit	<u>1.9</u>
	60.0

JZ -

Reykjavíkurborg, hér eftir nefndur styrkveitandi, kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur annars vegar og Knattspyrnufélagið Víkingur kt. 700269-0789 hér eftir nefndur styrkþegi, hins vegar gera með sér svohljóðandi:

Samning vegna:

Viðhaldsverkefna á húsnæði félagsins vegna lekaskemmda.

1.gr.

Styrkþegi skal skila styrkveitanda skýrslu um framvindu verkefnisins í samræmi við 10. gr. reglna Reykjavíkurborgar um styrki fyrir lok árs 2017.

2.gr.

Veittur er styrkur til verkefnisins að fjárhæð kr 60.000.000.- sbr. samþykkt borgarráðs 15. júní 2017.

10.000.000 kr. greiðast 1. júlí 2017

Eftirstöðvar verða greiddar fyrir 31. des. 2017

Greiðsla skal innt af hendi inn á bankareikning styrkþega nr. 0101-26-000789

3.gr.

Umsjón og eftirlit með styrkveitingunni og framkvæmd verkefnisins fyrir styrkveitanda er hjá íþrótt- og tómstundasviði Reykjavíkurborgar. Ábyrgðaraðili og tengiliður verkefnisins fyrir hönd styrkþega er framkvæmdastjóri félagsins.

4.gr.

Telji styrkþegi sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal styrkveitanda tilkynnt það tafarlaust skriflega. Sama gildir ef styrkþegi telur sig ekki getað framkvæmt verkefnið. Styrkþegi skal þá endurskoða verkefnaáætlunina svo markmiðum samningsins verði náð. Takist endurskoðun ekki er styrkveitanda heimilt að rifta samningi þessum og krefjast endurgreiðslu styrksins að öllu leyti. Áður en til riftunar kemur skal styrkveitandi skora á styrkþega að efna samninginn innan 30 daga frá því að honum berst sannarlega tilkynning samkvæmt ofangreindu ákvæði. Ef framlag styrkþega er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhögg við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar áskilur styrkveitandi sér rétt til að rifta samningum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað. Við endurgreiðsluna bætast hæstu löglegu dráttarvextir Seðlabanka Íslands hverju sinni frá og með þeim degi að liðinn er mánuður frá því að krafa um endurgreiðslu var gerð. Endurgreiðsla tekur mið af breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs eins og hún var við undirritun samnings. Rísi mál vegna efnda samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Framsal

Styrkþega er með öllu óheimilt að framselja skyldur sínar samkvæmt samningi þessum án samþykkis styrkveitenda.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Samningur þessi er gerður í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um styrki frá 3. júní 2010.

Reykjavík, 20. júní 2017

F.h. Knattspyrnufélagsins Víkings

F.h. Íþróttá- og tómstundasviðs

Vottar: